

Miðvikudaginn 29. maí 1968.

Nr. 45/1967: **Sigurbjörn Eiríksson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Ragnari Þórðarsyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús
Þ. Torfason.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 57/1962 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, m. a. með álitserð dómkvaddra manna:

1. Verðmæti innanbúnaðar þess í Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni, sem samningur aðilja frá 13. og 15. maí 1963 tók yfir, og skal miða verðmætisákvörðunina við nefnt tímamark.
2. Verðmæti nefnds innanbúnaðar fyrir áframhaldandi rekstur aðaláfrýjanda og réttartaka hans á Glaumbæ, Næturklúbbnum og Káetunni eftir uppsögu hins óáfrýjanda útbuðarúrskurðar frá 8. ágúst 1964, og skal miða verðmætisákvörðunina við þetta tímamark.
3. Hagsmuni aðaláfrýjanda og réttartaka hans af áframhaldandi notkun starfsheitanna Glaumbæjar, Næturklúbbsins og Káetunnar eftir 8. ágúst 1964 og svo ágóða þeirra af viðskiptavild (good will), tengdri nefndum starfsheitum.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla framangreindra gagna.